



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Leiðbeinandi reglur

Unnið af: HE	<h1>Fjarskipti í stórum byggingum</h1>	Númer:	Bls: 1
Samþykkt af:		Dags: 12.03.10	Endurskoðað síðast:

Tetra fjarskiptakerfið er orðið ráðandi hjá björgunar- og vaktfyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Slökkvilið, sjúkraflutningamenn, lögregla og björgunarsveitir treysta eingöngu á þennan fjarskiptabúnað. Æ fleiri einkafyrirtæki hafa tekið slíkan búnað í notkun, bæði fyrir starfsmenn, vaktmenn og öryggisverði.



Eigandi kerfisins er Tetra Ísland hf. sem er dótturfyrirtæki Neyðarlínunnar.

SHS hefur tryggt að Tetra fjarskipti náist á öllu útkallssvæði sínu. Eigendur bygginga sem eru þannig úr garði gerðar að ekki næst samband þar inni sökum sérstakrar járnabindingar, þykktar veggja, einangrunar eða af öðrum ástæðum verða að tryggja að neyðarfjarskipti geti farið eðlilega fram á þeirra svæði. Þetta er hægt annaðhvort með sérstökum endurvarpa eða svokölluðum lekum coax-streng.

Tetra er stafrænt talstöðvarkerfi með símamöguleika sem er sérsniðið að þörfum viðbragðsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli.

Tetra er mjög öflugt miðstýrt hópffjarskiptakerfi sem stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök eða einstaklingar geta nýtt sér sem stjórnæki fyrir hröð og örugg samskipti milli einstaklinga og hópa ásamt flotasjórnun eða eftirliti með hjálp ferilvöktunar.

Hver Tetrastöð hefur sitt símanúmer sem hægt er að hringja úr og í innan Tetra-kerfisins og einnig í önnur símkerfi innanlands.

Tetrastöðvar má einnig nota utan þjónustusvæðis kerfisins í beinu sambandi (DMO) við aðrar Tetrastöðvar með sömu talhópa.

Söluaðilar Tetra búnaðar eru eftirfarandi:

[Hátækni](#) sem selur búnað frá Motorola og Cleartone.

[Múlaradíó](#) selur einnig búnað frá Motorola og Cleartone og sér um ísetningar á búnaði í bíla og forritun á Tetra notendabúnaði.

[RadíóRaf](#) selur búnað frá Cleartone og sér um ísetningar á búnaði í bíla.

[AMG Aukaraf](#) selur Tetrabúnað frá Sepura.